

Alþingi  
Erindi nr. P 128/190  
komudagur 20.11.2002



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 20.11.2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að Alþingi álykti að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Í því sambandi verði m.a. skoðaðir möguleikar á endurgreiðslu skattsins eða sérstökum frádrætti frá tekjum. Í nefndinni verði m.a. fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og samtaka aldraðra og öryrkja.**

Í greinargerð með tillögunni er réttilega bent á að endurgreiðsla tekjuskatts til fólks með tekjur undir tilteknum mörkum sé ekki einfalt mál, einkum með tilliti til jaðaráhrifa. Þar er einmitt vikið að kjarna málsins. Endurgreiðsla tekjuskatts eða sérstakir frádrættir tengdir tekjum fela í sér jaðaráhrif sem reynsla undanfarinna áratuga hefur kennt Íslendingum, sem og öðrum þjóðum sem lengst hafa gengið á braut tekjutengingar bóta, að eru skaðleg framtaki og sjálfsbjargarviðleitni. Talað hefur verið um fátæktargildirur í því sambandi. Varðandi umfjöllun um skattleysismörk í greinargerð þá er rétt að haft sé í huga að óvída, ef nokkurs staðar meðal þeirra ríkja sem Íslendingar bera sig saman við, eru skattleysismörk hærri en hér á landi. Undanþágur frá greiðslu tekjuskatts og minnkun stofna til álagningar skatta fela óhjákvæmilega í sér hærri skatthlutföll á þær tekjur sem til skattlagningar koma, ef ekki á að koma til tekjutaps hjá ríkissjóði. Af þessum sökum geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri